

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Stokkseyri.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Stokkseyrarhrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Stokkseyrarhrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Stokkseyri, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkv. bókun byggingarfulltrúans á Stokkseyri.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið vera 100% hærra pr. rúmmeter heldur en krafist er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökunnar.

3. gr.

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.65% af hundraði af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði ..	minnst 10.30 en mest 18.00 kr/m ³
Annað húsnæði	— 7.70 — — 18.00 —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 1 600.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr. skal vera kr. 7.90 á hvern rúmmeter vatns.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Stokkseyrarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lógtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Stokkseyrar skal greiða tengigjald kr. 20.00 pr. m³, þó aldrei lægri upphæð en kr. 10 000.90 fyrir hús.

6. gr.

Framantalin gjöld skv. 3. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 1290 stig og breytast ætíð miðuð við nýja byggingarvísitölu, þó ekki meir en 50% án samþykkis ráðuneytis.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 er 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Eyrarbakkahepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.